

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Réttarheiðar og Finnmarkar vegna leikskólans Óskalands.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 8. október 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Réttarheiðar og Finnmarkar, vegna leikskólans Óskalands. Markmið breytingarinnar er að stækka lóð Réttarheiðar 45 óverulega, þannig að tengibyggging á milli núverandi leikskóla og nýrrar viðbyggingar verði að mestu leyti innan lóðar Réttarheiðar 45. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem breytingin vikir ekki frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti eða formi gildandi deiliskipulags.

*Hveragerði, 10. október 2024.*

**Hildur Gunnarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. október 2024